

Vinnuregla fyrir útgáfu lyfjaskírteinis

Geðrofslyf

ATC flokkur: N05A

Dagsetning: 1. júní 2012

Sjúkratryggingar taka þátt í greiðslu hagkvæmustu pakkninga skammtaðra lyfjaforma í ATC flokknum N05A og eru þær *-merktar í lyfjaverðskrá. Sé þeim pakkningum ávísað á lyfseðli þarf ekki að sækja um lyfjaskírteini. Ef hagkvæmustu lyfin reynast ófullnægjandi getur læknir sótt um lyfjaskírteini fyrir öðrum lyfjum.

Skilyrði fyrir útgáfu lyfjaskírteinis

- Einhver eftirtalinna sjúkdóma og hagkvæmustu lyfin hafa reynst ófullnægjandi;

F20–F29 Geðklofi, geðklofagerðar- og hugvilluraskanir

F30 Geðhæðarlota

F31 Tvíhverfar lyndisraskanir

F32.3 Alvarleg geðlæggðarlota með geðrofseinkennum

F33.3 Endurtekin geðlæggðarröskun, yfirstandandi lota alvarleg með geðrofseinkennum

Lyfjaskírteini er gefið út á ATC flokk – N05A.

- Í þeim tilfellum sem ofangreindir sjúkdómar eiga ekki við, þarf að rökstyðja hvers vegna hagkvæmstu geðrofslyfjum sé ekki ávísað. Þau atriði sem einkum verður þá litið til eru:
 - Gagnreynðar heimildir fyrir beitingu dýrara lyfs
 - Staðfestar aukaverkanir
 - Mat læknis að breytingar á lyfjameðferð sjúklings séu ekki réttlætanagerar í ljósi veikindasögu
 - Álit óháðs sérfræðings sem kann að vera óskað í vafatilvikum

Lyfjaskírteini er gefið út á einstök lyf.

Greiðslubátttaka sjúkratrygginga:

*-merkt

Gildistími:

5 ár.